



### SÍTRÓNUKREISTUR

Í Gautaborg stendur yfir sýning á óteljandi sítrónukreistum af öllum stærðum og gerðum.

BLS. 4



### KRÆSINGAR Á FATI

Nokkurra hæða kökudiskar njóta vinsælda enda ákveðin reisin yfir þeim. Þá bjóða speglabakkar upp á skemmtilegt sjónarhorn á krásimar.

BLS. 4

Fermingartilboð 2009



**Betra BAK**

Sjá nánar á [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

# heimili & hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 14. MARS 2009



## HLÝLEGT & RÓMANTÍSKT

Kolbrún Birna Halldórsdóttir er mikið fyrir hluti með sögu og sál og hefur blandað þeim á skemmtilegan máta við nýrri húsmuni. BLS. 6



KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI



1919-2009



Hvaða lit má bjóða þér?



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)



**HEIMILISHALD**  
RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR

## Fyrirmynd við verkin

Ég er gjörn á að fresta heimilisverkunum til morguns. Það vil ég þó ekki kenna mínum afkomendum og reyni að vera góð fyrirmynd. Að virkja börnin sér til aðstoðar við heimilisverkin held ég líka að sé sniðugt til að kenna þeim sémilega umgengni.

Einn daginn þegar við mæðgur vorum einar heima ákvað ég því að fá þriggja ára skottuna í tiltekt með mér til að kenna henni góða siði. Henni leist vel á það og vatt sér í verkin af krafti. Við byrjuðum í herberginu hennar á að sortera dótið af gólfinu ofan í dótaskúffur en eftir meira en hálf tíma vinnu sá ekki högg á vatni. Gólfið flaut bara í öðrum leikföngum en áður. Ég klóraði mér í hausnum yfir þessu en ákvað að taka á þessu seinna og við færðum okkur inn í eldhús. Þar gekk mér vel að koma leirtaui í uppþvottavélina og strjúka af borðum meðan

skottan sópaði hvað mest hún mátti. Þegar ég sneri mér við hafði hún sópað öllum kubbunum sínum vandlega undir eldhúsbordið og vel út í hornin. Ég hrósaði henni fyrir dugnaðinn og hugsaði með mér að ég gengi bara frá kubbunum á eftir.


Við færðum okkur inn í stofu þar sem við þurrkuðum af og brutum saman þvottinn. Það verkefni fór úr böndunum þar sem skottan leysti fötin jafnharðan úr brotunum svo ég gafst upp og ákvað að klára þetta bara á eftir. Baðherbergið var næst og ég náði að þvo baðkarið og klósettið meðan skottan þvoði baðdýrin sín í vaskinum. Smituð af ákafanum í móður sinni þvoði hún dýrin af svo miklum móð að gusurnar gengu um allt gólf. Sjálf var hún orðin rennandi blaut svo ég ákvað að klára baðherbergið á eftir og sendi skottuna eftir þurrum fötum í skápinn meðan ég tæki til hressingu handa okkur eftir hamaganginn.

Ég gleymdi mér við að skræla epli og smyrja brauð svo skottan náði að tína hverja einustu flík út úr skápnum sínum. Ég klæddi hana og gaf henni að borða og hugsaði með mér að ég gengi frá fötum aftur um leið og ég tæki leikföngin upp af gólfinu, á eftir. Eftir að eitt mjólkurglas hafði oltið um koll og kæfubrauðsneið lent á hvolf niður á gólf vorum við mæðgur mettar. Ég ákvað að leggja mig í nokkrar mínútur í sófanum fyrir næstu törn. Á meðan dundaði skottan sér við að raða leikföngum í kringum mig og nota mig sem fjall í bílaleik. Eftir blundinn leit ég svo yfir verk okkar mæðgna. Þvottur og leikföng voru á við og dreif í stofunni, mjólkupollur og kæfa á eldhúsgólfinu innan um kubbana, baðdýrin flutu í polli á baðgólfinu og inn í herbergi skottunnar var ekki fært fyrir fötum og dóti. Mér féllust hendur og ég frestaði því snarlega til morguns að ganga frá.



● **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson tók myndina á heimili Kolbrúnar Birnu Halldórsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512  
**5000 Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emillía Örylgisdóttir emillia@frettabladid.is  
**Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512  
**Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Dögg Guðmundsdóttir, iðn- og vöruhönnuður, í íslensku heimili sínu, en hún hefur búið í Danaveldi síðan hún hóf þar nám fyrir áratug.



Fiskiljósíð Uggi eftir Dögg og Fanneyju Antonsdóttur frá 2001 hefur verið sýnt vítt og breitt um heiminn og verður sýnt í sumar í Hönnunarsafninu. Sjá [www.uggi-lights.com](http://www.uggi-lights.com).

## Langar að leita í ruslinu

● Dögg Guðmundsdóttir, iðn- og vöruhönnuður, skapar fallega og forvitnilega nytjalist með Ísland í hjartanu en undir sterkum skandinavískum áhrifum í bland.

„Ísland er alltaf með mér, í sinni, sál og hönnun, þótt ekki sé ég haldin heimþrá,“ segir Dögg Guðmundsdóttir hönnuður sem starfað hefur í Kaupmannahöfn undanfarin ellefu ár. „Ég kem svo reglulega heim að ég hef einskis að sakna, nema auðvitað náttúrunnar, sem lítið sést af villtri og ósnortinni hér í Danmörku. Þannig kem ég alltaf heim á vorin til að taka góða törn í fiskvinnslu, til að verka og þurrka þorsk í fisklampana okkar Fanneyjar,“ segir Dögg um fræga hönnun þeirra Fanneyjar Antonsdóttur síðan 2001 og enn er vinsæl á sýningum og til einkaeignar, en þær stöllur framleiða árlega um þrjátíu eintök til sölu í völdum galleríum.

Dögg lauk námi í iðnhönnun frá Istituto Europeo di Design í Mílanó á Ítalíu 1996 og síðan tveggja ára námi í vöruhönnun frá Denmark's Designskole í Kaupmannahöfn. „Mér þótti spennandi og fram-

andi í senn að stunda nám á Ítalíu þótt ítölsk áhrif fylgi mér ekki áfram. Ég hleð hönnunar-batterin einna helst í náttúrunni heima og hanna mest undir skandinavískum áhrifum. Þó sækir ég nafngiftina á nýju lömpunum mínum til Ítalíu, en þeir bera nafnið Trinitas, sem merkir heilög þrenning, og sýndir voru í París og Köln í janúar, en eru nú komnir á markað hjá Ligne Roset. Hugmyndin spratt út frá að-

ventuljósi sem fer áfram á markað í haust, en þríhyrningsformið mun ég einnig nota í glös, bakka, vasa og fleira sem tilheyra sömu seríu og ég vinn nú úr gleri,“ segir Dögg sem er nýfarin að vinna aftur eftir eins árs fæðingarorlof.

„Nú er ég á lokaspertinum með nýjan stól og vinn einnig í samstarfi við þrjá danska hönnuði að heildstæðri heimilislínu fyrir taivanskt fyrirtæki, þar sem allir hlutir, allt frá stærri húsmunum upp í skrautmuni, eru í stíl og sömu seríu. Þannig ganga kaupin fyrir sig í Ta-



Fjaðrastóll frá 1999 er nú sýndur á sýningunni European Design since 1985: Shaping the New Century, í Indiana Museum of Art. Sýningin stendur til 21. júní í sumar.

ívan, því íbúarnir hafa knappan tíma til að fara á milli verslana, en kaupa þess í stað alla uppstillinguna sem sýnd er í búðinni,“ segir Dögg sem einnig horfir hyru auga til sorphauga Danmerkur. „Mig langar mikið að vinna meira með rusl og endurnýta það til augnayndis og frekari notkunar, eins og roð þorsksins. Skandinavarnar eru óduglegir að flokka rusl og ég hef áður gert ruslainsetningar til vakningar um þessi mál, eins og sel sem fór með gasgrímu í kringum ruslaug á sýningu. Ég fer því kannski næst að koma mér í samband við ruslakallana hérna,“ bætir hún við og skellihlær.

Sjá [www.doggdsgn.com](http://www.doggdsgn.com).

-þlg

# LAGERSALA

## Á HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU

ALLAR VÖRUR MEÐ  
50-90% AFSLÆTTI

NYTT! GJAFAVÖRUHORNID

Mikið úrval af gjafavöru frá Bröste og House-Doctor:  
Kerti, kertastjakar, púðar, dúkar, skálar, skraut...



Opið: Virka daga 12-18 - Laugardaga 10-16 - Sunnudaga 12-16



# ego dekor

**-30%**



TV-skenkur m/ljósi  
Hvíttuð eik  
Stærð: Br:200cm D:48cm  
H:33cm  
Verð áður: 89.000,-  
VERÐ NÚ: 62.300,-

Borstofusett  
Borð og sex stólar

VERÐ NÚ: 149.150,-

Stækkanlegt borð  
Stærð: 160cm(243cm)x100cm  
Verð áður: 89.000,-

**-15%**

VERÐ NÚ: 75.650,-

Paris leðurstóll  
Verð áður: 17.500,-

**-30%**

VERÐ NÚ: 12.250,-

**-15%**



RIO stóll  
Fáanlegur í nokkrum litum  
Verð áður: 14.800,-  
Verð nú:  
12.580,-

**-20%**



Aurora sófaborð  
Stærð: 120cmx70cm  
Verð áður: 37.000,-  
VERÐ NÚ: 29.600,-

Vegghengdur skenkur  
Eik-hvítt háglans  
Fáanlegur í stærðum:

120cmx40cmxH:60cm

Verð áður: 76.000,-

VERÐ NÚ: 53.200,-

180cmx40cmxH:60cm

Verð áður: 98.000,-

VERÐ NÚ: 68.600,-

**-30%**



Borðstofusett  
Borð og sex stólar

VERÐ NÚ: 125.860,-

Borð 160x90

Gegnheil eik

Verð áður:

85.000,-

VERÐ NÚ:

59.500,-

VIP leðurstóll

Verð áður:

15.800,-

VERÐ NÚ:

11.060,-

**-30%**



## FRÁBÆR TILBOÐ Í MARS

**-20%**

PLAZA tungusófi

Stærð: 285x162cm

Fáanlegur í 3 litum

Verð áður:

248.000,-

Verð nú:

198.400,-



**-25%**

Morris tungusófi

Stærð: 260cmX180cm

Microfiber áklæði


Fáanlegur í tveimur litum

Verð áður:

209.000,-

VERÐ NÚ:

156.750,-



**-10%**

Comfort tungusófi

Stærð: 327cmX200cm

Fáanlegur í nokkrum litum

Verð áður:

198.000,-

VERÐ NÚ:

178.200,-



**-25%**

Metro tungusófi

Stærð: 266cmX166cm

Microfiber áklæði

Fáanlegur í tveimur litum

Verð áður:

198.000,-

VERÐ NÚ:

148.500,-



Comfort sófasett

**-20%**

2ja sæta

Verð áður: 112.000,-

VERÐ NÚ:

89.600,-

3ja sæta

Verð áður: 123.000,-

VERÐ NÚ:

98.400,-



**-15%**

Titan leður

hornsófi

Stærð: 225x210cm

Eingöngu fáanlegur í

svörtu leðri

Verð áður:

235.000,-

Verð nú:

199.750,-



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Dagskrá Hönnunar-Marsins verður kynnt betur í næstu viku en Greipur er verkefnastjóri hátíðarinnar.

## HönnunarMars um víðan völl

● Íslensk hönnun hefur hlotið byr undir báða vængi undanfarið og snýst HönnunarMarsinn um að kynna íslenska hönnun.

„Við viljum vekja athygli á íslenskrri hönnun, hvers konar, og er HönnunarMarsinn settur upp sem eins konar bæjarhátíð úti um alla Reykjavík,“ segir Greipur Gíslason, verkefnastjóri HönnunarMarsins hjá Hönnunarmiðstöð Íslands.

HönnunarMarsinn verður haldinn dagana 26. til 29. mars og er hátíðin hugsuð fyrir alla. „Verslanir með íslenska hönnun tengjast hátíðinni sem og hönnuðir en hátíðin er ætluð almenningi, fjölmíðlum og fólki í hönnunargeiranum,“ útskýrir Greipur áhugasamur en auk þess að bjóða upp á sýningar á íslenskrri hönnun verður fyrirlestraröð um hönnun og arkitektúr. „Í Ráðhúsinu verður til dæmis sýning á útskriftarverkum ungra arkitekta sem lært hafa erlendis og málþing um skipulag og lýðheilsu,“

segir hann. Einnig hafa veitingastaðir og kaffihús verið virkjuð með í marsinn og boðið verður upp á skoðunarferðir með leiðsögn, veislur, kynningar og fleira.

Hönnunarmiðstöð Íslands stendur fyrir HönnunarMarsinum og má búast við því að Reykjavík iði af lífi þá daga sem marsinn ber upp á. „Sannarlega er uppgangur í íslenskrri hönnun og mikil athygli sem hún hefur fengið undanfarið en við þurfum samt að halda vel á spöðunum og vera dugleg við frekari kynningar,“ segir Greipur ákveðinn og bætir við: „HönnunarMarsinn verður hins vegar kynntur nánar í næstu viku og þá kemur út nákvæmari dagskrá. Þar má finna viðburði fyrir alla fjölskylduna. Hátíðin er haldin nú í fyrsta skipti en verður í framhaldinu að árlegum viðburði.“



## Kræsingum gert hátt undir höfði

● Kókuboð þurfa ekki að kosta mikla fyrirhöfn og er ráð að raða nokkrum múffum eða kekkukum á fallegan kókudisk, hella upp á könnuna og njóta. Nokkurra hæða kókudiskar njóta vinsælda enda ákveðin reisin yfir þeim. Þá bjóða speglabakkar upp á skemmtilegt sjónarhorn á krásirnar.



4

**1. Krásir á mörgum hæðum** Kræsingarnar, hverjar sem þær eru, koma enn betur út á mörgum hæðum. Þessi þriggja hæða glerbakki frá Nachtmann fæst í Líf og list í Smáralind. Verð 14.320 krónur.

**2. Litríkt og formfagurt** Múffur í marglituðum silíkonformum sóma sér vel á mörgum hæðum. Líf og list, Smáralind. Verð 1.640 kr.

**3. Bakað af ást** Fljótlegt er að skella í múffur og ekki er verra að hafa þær svona fallegar í laginu. Líf og list, Smáralind. Verð 1.960 krónur.

**4. Kökur í nýju ljósi** Spegldiskur sem þessi gefur



5

skemmtilegt sjónarhorn á krásirnar. Laura Ashley. Verð 2.940 krónur.

**5. Rómantik** Spegldiskur sem undirstrikar gúmmelaðið svo um munar. Laura Ashley. Verð 7.700 krónur.



6

**6. Veisla á svipstundu** Girnilegu gotterfi er komið fyrir á tveggja hæða kókudiski og veislan er tilbúin! Líf og list, Smáralind. Verð 6.980 krónur.

## Sítrónukreistur úr öllum áttum

Í Röhska-safninu í Gautaborg stendur nú yfir áhugaverð sýning á sítrónukreistum.

Með sýningunni vill safnið benda á þann vanda sem skapast í hönnun þegar einföldustu húsverk falla í skuggann af hátækni og tölvuvæðingu nútímans. Sítrónupressan sé einfalt tæki sem finnst á hverju heimili en spurningin sé hvaða kröfur það þurfi að uppfylla í dag.

Sítrónukreisturnar á sýningunni koma úr einkasafni sænsks áhugasafnara, Anders Alvaarson, en hann hefur safnað sítrónukreistum í tut-

tugu ár. Anders á í kringum 850 stykki úr ólíkum efnum, gleri, postulíni, plasti, tré og stáli og hefur sýnt safn sitt víða, meðal annars á sýningunni „Sítrónusumar“ árið 2000 í Sofiero Slott í Helsingborg. Árið 2001 fékk Anders viðurkenningu fyrir safn sitt en einnig safnar hann flöskum með spiladósum í botninum og fleiri skemmtilegum hlutum. Nánar má forvitnast um safn Anders á síðunni [www.lemonsqueezer.se](http://www.lemonsqueezer.se) Sýningin var opnuð í janúar og stendur til 7 júní.



Á sýningunni er gaman að velta fyrir sér sambandi forms og nýtileika þessa einfalda eldhúshálds.




Kreisturnar eru af öllum stærðum, gerðum og litum.

MYND/FRIDA BERGLUND, HUSMUSEN.BLOGG.SE



**HÖNNUN** Morgunmaturinn er mikilvægasta máltíð dagsins, hennar er því hollt og gott að neyta af fallegum diskum. Butterfly postulínsstellið eftir breska hönnuðinn Polly George fer fallega á borði en einföld form og litir einkenna hönnun Polly. Stellið er handunnið og hver hlutur fyrir sig skreyttur sérstaklega með fiðrildum, rósum eða fuglum. Polly George rekur verslunina Luna & curious í London ásamt fjórum öðrum hönnuðum og er hægt að pantar vörunar gegnum vefinn hennar, [www.pollygeorge.com](http://www.pollygeorge.com).



Hér stingur ekkert í stúf.



Hvitt og grænt svefnherbergi.

## Stílhrein og látlaus herbergi

Á ófáum heimilum ræður ákveðinn stíll ríkjum. Litir eru látnir tóna saman og innréttingar kallast á. Hjá flestum ægir þó ólíkum stílbrigðum að einhverju leyti saman og má sjá óvænta liti og tóna á víð og dreif. Sumir ganga þó skrefinu lengra í þessum efnum, eins og meðfylgjandi myndir bera með sér, og vilja ekki að neitt stingi í stúf. Á eldhúsmyndinni tóna hvítu pottarnir við innréttingarnar og önnur áhöld og í svefnherberginu gengur ekkert nema grænt og hvítt. Útkoman er óneitanlega stílhrein en það er spurning hvort rauð bókarkápa á náttborðinu eða blá sleif í eldhúsinu myndi setja allt úr skorðum.



Bókin Eat Love kom út í febrúar.

## Matarhönnun

Í febrúar síðastliðnum kom út bókin Eat Love eftir hönnunargagnrýnandann Louise Schouwenberg. Bókin fjallar um verk hollenska matarhönnuðarins Marije Vogelzang undanfarin níu ár og vinnu hennar með mat og athöfnina að borða í tengslum við hollenska hönnun. Bókin er ekki hefðbundin mataruppskriftabók heldur fjallar hún meira um upplifunina að borða. Nánar má lesa um þennan forvitnilega hönnuð á [www.proefamsterdam.nl](http://www.proefamsterdam.nl)

## Guðlaug Jónsdóttir húsmóðir í Vesturbænum: Ruslapokarnir björguðu lífi mínu

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskioti er boðið er upp á aukin neytendatö og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur og þjónustu.

## Zoltan Belan Pokasar

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskioti er boðið er upp á aukin neytendatö og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur og þjónustu. Með þetta að leiðarljósi hefur Plastprent hf. ávallt kappkostað að nýta nýjustu aðferðir og tækni við framleiðslu sína og stefnir að því að vera stöðugt í fararbroddi í vörugæðum og þjónustu. Einnig leggur áherslu á gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 staðlinum staðfestir vilja fyrirtæksins til að ná hámarks- gæðum í framleiðslu og þjónustu. Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskioti er boðið er upp á aukin neytendatö og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur og þjónustu.

## Halldór Halldórsson: Þvílíkur sparnaður

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskioti er boðið er upp á aukin neytendatö og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur og þjónustu.

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskioti er boðið er upp á aukin neytendatö og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur og þjónustu.

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskioti er boðið er upp á aukin neytendatö og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur og þjónustu.

## Guðrún Einarsdóttir: Miklu Meira magn á rúllunni!!!!

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskioti er boðið er upp á aukin neytendatö og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur og þjónustu.

## Gyða Sól Samúelsdóttir: Pottþéttir í skúffuna

Í nútíma þjóðfélagi kalla breyttar neysluvenjur og auknar kröfur neytenda á sífellda aðlögun framleiðenda að breyttum skilyrðum. Æ styttri líftími vöru krefst stöðugrar vöruþróunar og framsýni fyrirtækja. Þar getur umbúðaþátturinn orðið að afgerandi samkeppnisforskioti er boðið er upp á aukin neytendatö og aðlaðandi framsetningu vörunnar. Plastprent hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu plastumbúða og plastfilma. Einnig býður fyrirtækið skyldar vörur og þjónustu.



**MIKLU MEIRA MAGN**

**Plastprent hf.**

# Veggfóður

arctic Reykjavík  
www.arctic-designs.is  
Sími: 544 8001



## LAGERSALA Lín Design

Úrval rúmteppa, púða, dúka, rúmfatnaðar ásamt ýmsu öðru. Sýniseintök og lítillaga útlitsgallaðar vörur með allt að 80% afslætti. Lagersalan er á Malarhöfða 8, í brekkunni fyrir aftan Ingvar Helgason.

Opið föstudag 16 – 19 & laugardag 10 – 15.

Aðeins þessa einu helgi.

**Lín**  
DESIGN

www.lindesign.is/lagersala

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

**MABEF**

LISTALAGERINN  
**JARNGLER**

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h, Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
Sí: 58 58 900. www.jarngljer.is

## Garðyrkjunámskeið

í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

- Ræktun ávaxtatrjáa**  
Tvö kv. mán. 16/3 og 23/3 FULLBÓKAÐ  
Tvö kv. mán. 30/3 og 6/4 kl. 19:00-21:30.  
Verð kr. 12.500,-
- Matjurtaræktun**  
Tvö kvöld, þri. 17. og 24/3 kl. 19:00-21:30.  
Tvö kvöld, þri. 31/3 og 7/4 kl. 19:00-21:30.  
Verð kr. 12.500,-
- Kryddjurtaræktun**  
Þriðjudaginn 31/3 kl. 17:00-18:30.  
Verð kr. 3.750,-
- Ræktun berjarunna og -trjáa**  
Þriðjudaginn 24/3 kl. 17:00-18:30.  
Verð kr. 3.750,-
- Klipping trjáa og runna.**  
Miðvikudaginn 18/3 kl. 17:00-21:30.  
Verð kr. 11.500,-
- Ræktun í sumarhúsalandinu**  
Miðvikudaginn 25/3 kl. 17:00-21:30.  
Verð kr. 11.500,-



**Leiðbeinendur:**  
Auður I. Ottesen, garðyrkjuf. Jón Guðmundsson, garðyrkjuf.

Skráning og upplýsingar í síma 578 4800 og á [www.rit.is](http://www.rit.is)



Í þessum glerskáp geymir Kolbrún brúðargesmar sínar og hefur raðað þeim fallega upp.



Í raun mætti tileinka fjölskyldunni þennan stað í húsinu en þau hjónin ákváðu að breyta bílskúrnum í tómsundahebergi. Þar má meðal annars finna hillu með fjölskyldumyndum og málverk eftir Kolbrúnu og systur hennar, G. Láru, frá unglingsaldri.



Steinstytta er hugsanlega af fólki að dansa og er frá Indónesíu. Hún var á sínum tíma keypt í Jóni Indíafara.



Diskarekkinn setur óeitanlega rómantískan svip á umhverfi sitt. Bollastellið fékk Kolbrún í brúðargjöf en keypti diskana við.



Antíkskápin keypti Kolbrún á flóamarkaði í Danmörku á einungis 3.000 krónur íslenskar.



Rúmteppið og púðana fékk Kolbrún í versluninni 1928, fyrir utan aflöngu púðana sem keyptir voru í Tyrklandi. Gluggatjöldin fengust í Rúmfatalagernum og eru þau í rómantískum barokkstíl, líkt og rúmteppið. Borðin á hún eftir að gera upp en notar fallega dúka þangað til. Í stað höfðagafs ákvað hún að mála vegginn í fagurbrúnu lit sem endurkastar smá vínrauðum og fjólubláum blæ og dýpkar herbergið.



Veggteppið er handunnið og keypti Kolbrún það í Tyrklandi þegar hún var þar á ferð. Aflöngu púðana fékk hún líka í Tyrklandi en þá ferkötuðu í Ikea. „Ég er mikil púðakona. Þeir eru úti um allt í húsinu,“ segir hún og brosir.



Eldhúsinnréttingin var í húsinu þegar Kolbrún flutti inn en hún segir að hún falli vel að sínum smekk. Ljósakrónan var keypt á flóamarkaði í Danmörku og minnir á kirkjuljósakrónu. Borðstofusettið er úr Tekk Company.

OSRAM sparperurnar fást í næsta stórmarkaði eða byggingavörverslun [www.osram.is](http://www.osram.is)

**Sparaðu með OSRAM sparperum.**

- 80% orkusparnaður
- 6-15x lengri líftími
- vinna gegn hlýnun jarðar

**FRÍTT SPARPERU-BÆKLINGUR A NÆSTA SÖLUSTAD**

SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI **OSRAM**

## Blanda saman gömlu og nýju

● Heimili Kolbrúnar Birnu Halldórsdóttur, fördunarfræðings hjá RÚV, er hlýlegt og rómantískt en þar má finna hluti með sögu og sál í samhljómi við nýrri húsbúnað.

„Ég er mikið í því að blanda saman gömlu og nýju og reyni að nýta vel alla hluti,“ segir Kolbrún Birna Halldórsdóttir, fördunarfræðingur hjá RÚV, en hún býr á Kjalarnesi og nýtur þess að vera þar í friði og ró með fjölskyldunni. „Hér er yndislegt að vera í sveitasælunni. Í raun nýt ég þess að keyra í vinnuna í bænum því það er eiginlega eina næðið sem fæ í sólarhringnum,“ segir hún og hlær en Kolbrún er þriggja barna útivinnandi móðir og er því í nógu að snúast.

„Fyrir nokkrum árum var ég mikið í dökkum húsgögnum en það hefur nú aðeins breyst og er orðið

léttara yfir. Í stað þess að kaupa allt nýtt hef ég reynt að nýta það sem ég á og breyti frekar. Oft er þetta ekki flóknara en svo að ég þússa upp gamla hluti og mála þá,“ segir hún og bætir við: „Ég hef líka erfitt fallega hluti frá föðurbróður mínum en mikið af þeim eru frá ömmu og afa.“ Auk þess að nýta gamla hluti hefur Kolbrún gert kjarakaup í verslunum eins og Rúmfatalagernum. „Þar má finna ótrúlegustu hluti sem lítið geta vel út í réttu samhengi. Hins vegar er ég mjög hrifin af því að hlutirnir eigi sér sögu. Þá er meiri sál og persónuleiki í þeim.“

-hs



Kolbrún Birna er dugleg að nýta hluti og gættir þeirra sem tengjast henni tilfinningaböndum. Málverkið í baksýn er af Kolbrúnu lítilli og er málað af systur hennar, G. Láru, sem er listmálari. Fékk Kolbrún verkið að gjöf þegar hún var tvítug og keypti sína fyrstu íbúð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Veljum íslenskt í BYKO**

**KÓPAL glitra**

0%

**BYKO**

**málning**  
-það segir sig sjálf-

Íslensk gæðamálning!




**MÁLVERKALAMPI** Myndlistarmaðurinn Ninný, eða Jónína Magnúsdóttir hefur hannað sérstæða lampa. Hver lampi er málverk, sem lýst er upp innanfrá. Hún kallar þessa lampa „Ljósmaal“ og er það skírskotun í málverkið, ljósið og tungumálið. Hver lampi er einstakt listaverk og eru þeir til í mismunandi stærðum. Ninný vinnur að list sinni í Sjónlistamiðstöðinni á Korpúlfstöðum og heldur einkasýningu í Listasal Íðuhússins í Lækjargötu. Sýningin verður opnuð á laugardag klukkan 15 og stendur til 31.mars og er opið alla daga frá klukkan 9 - 22.



Blóm, sólar og aðrar skreytingar gefa líflegan blæ.

## Lífgað upp á tóma vegg

Veggmyndir geta verið skemmtilegur valkostur þegar kemur að því að skreyta heimilið. Þær lífga upp á vegg heimilisins en einnig er hægt að gefa hurðum, húsgögnum og jafnvel gólfum nýtt útlit með þeim. Á síðunni [www.domestic.fr](http://www.domestic.fr) má finna heilmargar útfærslur á veggmyndum og nú er bara að finna listamanninn í sjálfum sér.




Líflausar hurðir er hægt að poppa upp með fallegum límmiðum.

## hönnun

### ÓTRÚLEG LÝSING Pierre

Gonalons stofnaði hönnunarstúdíóið Ascéte árið 2004. Það starfar í París og tekur að sér að hanna hina ólíkustu hluti fyrir þekkt merki á borð við Lalique, Knoll, Chloé og Pernod. Hér eru dæmi um skemmtilegt hugmyndaflug Ascéte en frá hönnunarstúdíóinu hafa komið hinir ýmsu lampar og ljós.



## Þægindin í fyrirrúmi

Frábærir hvíldarsófar, stólar og tungusófar í miklu úrvali á frábæru verði, þrír litir í boði, alklæddir leðri. Hægt er að velja um vinstri eða hægri tungu, margar stærðir. Einnig góðir vinnustólar sem stuðla að rétttri líkamsstöðu við vinnuna.



## Passion, Góður lúr - gulli betri

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælaust með bestu rúmakaupunum í dag. Dýnan bíður upp á tvo stíflaika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt.

Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færast mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.



Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion



LÚR - BETRI HVÍLD  
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR  
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100  
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:  
mán 10:00 – 18:00  
tós 11:00 – 16:00

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr